



ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS



Alþingi
Nefndarsvið
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/544
komudagur 29.11.2007

Reykjavík, 28. nóvember 2007
Tilvísun: 200711-0055

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kjararáð, 237 mál

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um kjararáð, 237 mál.

Tilgangur frumvarpsins er að fjölga með lögboði þeim hópum sem kjararáð ákvarðar laun og starfskjör.

Í 1. gr. gildandi laga er fjallað um þá sem ákvarðanir kjararáðs taka til en þar segir m.a: „*Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttáð um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.*”

Í 5. gr. laganna er síðan fjallað um það hvernig kjararáð skuli ákvarða til hverra úrskurðir þess nái, eða eins og segir í greininni: „*Fullskipað kjararáð sker úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara skv. 4. gr. skuli ná í nánari atriðum en þar greinir.*”

Í ljósi þess að gildandi lög veita kjararáði heimild til að ákvarða laun og starfskjör þeirra starfsmanna ríkisins „...*sem svo er háttáð um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu*” telur Alþýðusamband Íslands skorta rök fyrir þeirri breytingu sem lögð er til með frumvarpinu.

Alþýðusamband Íslands er þeirrar skoðunar að farsælast sé að sem flestir hópar semji um sín kjör í beinum samningum. Alþýðusamband Íslands leggst því gegn samþykkt frumvarpsins.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ